

Íslenski Lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

2006

Íslenski lífeyrissjóðurinn
Austurstræti 11
155 Reykjavík

Kt. 430990-2179

Íslenski Lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

2006

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun stjórnar	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-16
Sérgreind yfirlit deilda	17-19

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Íslenska lífeyrissjóðunum ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt henni ber okkur að fara eftir settum síðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 12. apríl 2007.

Deloitte hf.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður í júní 1990 og staðfesti fjármálaráðuneytið samþykktir sjóðsins þann 20. júní sama ár. Tilgangur sjóðsins samkvæmt 2. gr. samþykktta er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri.

Á sjóðfélagafundi 30. júní 1998 var samþykkt að breyta Íslenska lífeyrissjóðnum í alhliða lífeyrissjóð samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjármálaráðuneytið veitti sjóðnum síðan leyfi til starfrækslu lífeyrissjóðs 20. október 1999.

Starfsemin á árinu fólst í að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í samræmi við lög um lífeyrissjóði, samþykktir og fjárfestingastefnu sjóðsins.

Hér fer á eftir nafnávöxtun sjóðsins.

	2006	2005	2004	2003
Líf I	20,4%	14,7%	12,4%	19,2%
Líf II	19,4%	12,8%	11,4%	16,2%
Líf III	14,5%	9,4%	12,0%	10,8%
Lífeyrisbók, verðtryggð	11,8%	8,9%	10,2%	9,0%
Lífeyrisbók, óverðtryggð	11,3%	8,1%	7,7%	7,8%

Virkir sjóðfélagar á árinu 2006 voru 17.558 talsins, en voru 15.110 í ársbyrjun. Í árslok var stærð sjóðsins 22.430.546.381,-, sem er um 50% stækkun á árinu.

Á árinu 2006 starfaði enginn starfsmaður hjá sjóðnum en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbanka Íslands hf. fær bankinn þóknun fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins. Umsýsluþóknun Íslenska lífeyrissjóðsins til Landsbankans er nú 0,1% af eignum sjóðsins í árslok. Því til viðbótar reiknast árangurstengd þóknun ef ávöxtun eigna sjóðsins fer umfram þær viðmiðunarvísitölur sem fjárfestingarstefna sjóðsins tekur mið af. Árangurstengd þóknun er 20% af ávöxtun umfram viðmið sjóðsins. Samanlögð þóknun getur þó ekki farið umfram 0,5% af eignum. Árangurstengd þóknun er reiknuð sérstaklega fyrir samtryggingardeildina og hverja leið Lífsbrautarinnar. Engin þóknun reiknast vegna inneignar í Lífeyrisbók. Á árinu 2006 er umsýsluþóknun samtals 0,28% af eign sjóðsins í árslok.

Árið 2006 var fjórða árið í röð þar sem sjóðfélagar Íslenska lífeyrissjóðsins nutu góðrar ávöxtunar. Hlutabréf erlend jafnt sem innlend gáfu mjög ríkulega ávöxtun sem skýrir mestan hluta ávöxtunar deildanna. Sem dæmi hækkuðu evrópskar og nýmarkaðsvísitölur um 40% í íslenskum krónum sem voru mestu yfirvigtir gagnvart langtímastefnu deildanna. Ávöxtun innlendra skuldabréfa var slök annað árið í röð, þannig skiluðu ríkistryggð bréf með langan binditíma 1,3% raunávöxtun og millilöng -3,9% raunávöxtun. Hinsvegar gáfu skammtímaskuldabréf 2,4% raunávöxtun. Áhersla deildanna á skuldabréf með stuttan binditíma reynist því vel í hækkanði vaxtaumhverfi. Allar deildir sjóðsins gáfu betri ávöxtun en fjárfestingastefna þeirra segir til um. Ávöxtun ársins er því mjög ánægjuleg fyrir sjóðfélaga Íslenska lífeyrissjóðsins, fjórða árið í röð.

Áritun stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. apríl 2007

Stjórn

Ingólfur Guðmundsson

Helgi Magnússon

Jón Snorri Snorrason

Hermann Jónasson

Kristín Jóhannesdóttir

Framkvæmdastjóri

Tómas N. Möller

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2006

	Skýr.	2006	2005
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		1.893.214.581	1.250.131.008
Iðgjöld launagreiðenda		2.000.134.486	1.410.267.943
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		834.688.688	506.134.534
		<u>4.728.037.755</u>	<u>3.166.533.485</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	3	257.982.311	154.043.302
Tryggingakostnaður		1.260.577	3.341.534
		<u>259.242.888</u>	<u>157.384.836</u>
		5,48%	4,97%
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum		3.323.318	14.972.650
Vaxtatekjur og gengismunur	4	3.120.235.850	1.592.634.123
		<u>3.123.559.168</u>	<u>1.607.606.773</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		21.097.945	15.947.907
Vaxtagjöld		13.304.167	295.541
		<u>34.402.112</u>	<u>16.243.448</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		45.079.523	34.960.666
		<u>45.079.523</u>	<u>34.960.666</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		7.512.872.400	4.565.551.308
Hrein eign frá fyrra ári		<u>14.917.673.982</u>	<u>10.352.122.673</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	11	<u>22.430.546.382</u>	<u>14.917.673.981</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eignir	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	2,6	19.386.116.226	13.353.662.082
Verðbréf með föstum tekjum	2,7	775.113.611	507.391.551
Bankainnstæður		2.297.713.666	907.466.630
		<u>22.458.943.504</u>	<u>14.768.520.263</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	2	42.421.690	37.099.737
Aðrar kröfur	12	33.723.618	74.010.910
		<u>76.145.308</u>	<u>111.110.647</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		28.344.770	75.118.850
		<u>28.344.770</u>	<u>75.118.850</u>
Eignir		<u>22.563.433.582</u>	<u>14.954.749.760</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	13	91.751.036	15.305.299
		<u>91.751.036</u>	<u>15.305.299</u>
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur			
Framvirkir samningar	10	38.445.080	0
Fyrirfram innheimtar tekjur		2.691.084	21.770.480
		<u>41.136.164</u>	<u>21.770.480</u>
Skuldir		<u>132.887.200</u>	<u>37.075.779</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls		<u>22.430.546.382</u>	<u>14.917.673.981</u>
Greining á hreinni eign á deildir			
Líf I		8.311.010.479	5.556.327.150
Líf II		5.543.342.084	5.916.258.388
Líf III		3.927.067.105	1.299.641.187
Líf IV		2.279.762.889	558.304.189
Sameign		2.369.363.824	1.587.143.066
		<u>22.430.546.382</u>	<u>14.917.673.980</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2006

	2006	2005
Inngreiðslur		
Iðgjöld	4.754.731.454	3.071.048.454
Fjárfestingartekjur	356.346.737	(49.523.369)
Afborganir verðbréfa	28.191.910	16.176.417
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	19.354.289.611	5.336.556.945
Seld verðbréf með föstum tekjum	352.355.000	3.902.027
	<u>24.845.914.712</u>	<u>8.378.160.474</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	253.594.352	156.579.359
Fjárfestingargjöld	7.623.215	16.237.067
Rekstrarkostnaður án afskrifta	26.878.105	54.461.067
	<u>288.095.672</u>	<u>227.277.493</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	<u>24.557.819.041</u>	<u>8.150.882.981</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	22.574.163.195	7.245.315.024
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	640.152.890	125.000.000
Hækkun á bankainnstæðum	1.390.277.036	747.777.918
	<u>24.604.593.121</u>	<u>8.118.092.942</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum	(46.774.080)	32.790.039
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	75.118.850	42.328.811
Sjóður og veltiinnlán í árslok	<u>28.344.770</u>	<u>75.118.850</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Íslenski lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Lífeyrissjóðurinn er aldurstengdur sjóður sem rekur bæði séreignadeild og samtryggingadeild.

Samtrygging

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Frjáls aðild er að lífeyrissjóðnum og hafa allir þeir sem ekki er skylt að greiða lágmarksiðgjald til annars lífeyrissjóðs heimilt að greiða í þennan sjóð. Um áramótin 2006/2007 varð sú breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að lágmarksiðgjald var hækkað úr 10% í 12%. Með því fylgdi löggjafinn eftir þeirri þróun sem verið hefur á almennum vinnumarkaði, en samkvæmt kjarasamningum hækkaði almennt framlag launagreiðenda úr 6% í 7% árið 2005 og úr 7% í 8% árið 2007. Með því var almennt framlag launþega orðið 12% þar sem launþegar leggja til 4% framlag. Hvað Íslenska lífeyrissjóðinn varðar þá rennur 2% hækkun á lágmarksiðgjaldi óskipt í frjálsa séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri í samræmi við 15. grein samþykktar sjóðsins.

Séreign

Lífeyrissjóðurinn tekur við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í lífeyrissjóðnum ásamt öðrum sem þess óska er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignsjóðinn. Séreignsjóðurinn býður upp á fjórar ávöxtunarleiðir með mismunandi ávöxtun og áhættu.

Leið I

Leið I stefnir að góðri langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar yfir skemmra tímabil. Fjárfestingarstefnan mótast af því að leyfilegt er að nýta fjölbreytt tækifæri sem bjóðast á mörkuðum. Stefnt er að því að fjárfesta 25% af eignum í innlendum skuldabréfum, 20% í innlendum hlutabréfum, 45% í erlendum verðbréfum. Deildin hentar þeim sem eiga eftir 20 ár eða meira af söfnunartíma sínum.

Leið II

Leið II er atluð þeim sem kjósa að taka hóflega áhættu með lífeyrissparnað sinn og ná þannig betri ávöxtun til lengri tíma. Stefnt er að því að fjárfesta 44,5% af eignum í innlendum skuldabréfum, 15% í innlendum hlutabréfum, 33% í erlendum verðbréfum og 7,5% í óhefðbundnum fjárfestingum. Deildin hentar þeim sem eiga eftir a.m.k. 8-10 ár af söfnunartíma sínum. Íslenski lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og rekur bæði séreignardeild og samtryggingardeild.

Leið III

Leið III er áhættuminnsta deildin og eru sveiflur í ávöxtun þar litlar. Stefnt er að því að fjárfesta 72,5% af eignum í innlendum skuldabréfum, 7,5% í innlendum hlutabréfum, 15% í erlendum verðbréfum og 5% í óhefðbundnum fjárfestingum. Deildin hentar þeim sem eiga fá ár eftir af söfnunartíma sínum eða eru komnir á eftirlaun.

Leið IV

Á árinu 2004 var stofnuð ný ávöxtunarbraut, Leið IV. Eingöngu er fjárfest í innlánsreikningum hjá Landsbanka Íslands, og er val á milli verðtryggðs og óverðtryggðs innlánsreiknings. Deildin hentar þeim sem komnir eru að eða hafa þegar hafið töku lífeyris.

Lífeyrisréttindi

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 70 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira og leitt hefur til tekjuskerðingar. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er aldurstengd. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar í sameign með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi, því sjóðnum er skyldt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Skýringar

1. Starfsemi (framhald)

Lífeyrisréttindi

Lífeyrisréttindi í séreignasjóðnum miðast við innborguð iðgjöld réttihafa ásamt þeirri hreinu ávöxtun sem fengist hefur á iðgjöldin. Heimilt er að hefja töku séreignarsparnaðar þegar réttihafi er orðinn 60 ára, en þó ekki fyrr en tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

Útgreiðsluleiðir

Lífeyrissjóðurinn hefur, frá því að hann fékk starfsleyfi, boðið fjóra kosti (leiðir I-IV) við öflun lágmarkstryggingaverndar og hafa sjóðfélagar getað valið milli þessara kosta við inngöngu í sjóðinn. Ef sjóðfélagi velur sér ekki ákveðna leið er hann sjálfkrafa settur í leið I.

Frá og með 15. maí 2003 hafa sjóðfélagar eingöngu getað valið milli leiða I og III við inngöngu í sjóðinn. Þeir sjóðfélagar sem höfðu valið leið II eða IV, fyrir 15. maí 2003, geta þó haldið áfram að greiða til sjóðsins samkvæmt þeim leiðum.

Munur leiðanna liggur í því hvernig lögbundið iðgjald sjóðfélaga skiptist á milli sameignar, bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar. Allt iðgjald umfram lögbundið lágmarksiðgjald fer í séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum. Eftir 67 ára aldur er hún laus til útborgunar samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga. Bundin séreign er laus til útborgunar frá 70 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum til þess tíma er greiðslur úr sameign hefjast. Val útgreiðsluleiðar ræður því hvenær greiðslur úr sameign hefjast. Frjáls séreign og bundin séreign eru að fullu eign sjóðfélagans og erfist samkvæmt erfðalögum. Greiðsla lífeyris úr sameign hefst við 70 ára aldur, eða síðar, eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin, og greiðist til æviloka. Sameignin tryggir sjóðfélögum ævilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Starfræksla sjóðsins

Landsbanki Íslands hf. annast starfrækslu lífeyrissjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og bankans. Skrifstofa sjóðsins er að Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Gjaldmiðlar og vísitölur

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar miðað við verðlag eða gengi í árslok. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram.

Áhættustjórnun

Sjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðlasamninga við lánastofnanir. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna eigna sjóðsins. Samningarnir eru gerðir upp á markaðsverði. Höfuðstóll samninganna er ekki færður í efnahagsreikning, en afkoma þeirra er færð í yfirlit um breytingu á hreinni eign og efnahagsreikning. Samningarnir eru færðir í efnahagsreikning með öðrum eignum eða öðrum skuldum eftir því hvort staða þeirra er jákvæð eða neikvæð.

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar iðgjaldaskilagreinar berast sjóðnum. Í árslok er einnig áætlað vegna ótilkynnta iðgjalda í samtryggingardeild. Óinnheimt iðgjöld í árslok, bæði tilkynnt og ótilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi.

Sjóðfélagar greiða iðgjöld inn á sameiginlegan iðgjaldareikning lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild þeir greiða. Þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum eru fjárhæðir millifærðar af þessum iðgjaldareikningi inn á réttar deildir. Í lok árs 2006 er staðan á iðgjaldareikningi sjóðsins um 2,7 milljónir króna og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi meðal fyrirfram innheimtra tekna.

Lífeyrir

Lífeyrir er gjaldfærður þegar hann er greiddur til lífeyrisþega.

Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum

Eignarhlutar sjóðsins í hlutdeildarfélagum eru færðir í samræmi við hlutdeild sjóðsins í eigin fé félaganna í árslok.

Verðbréf

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félagum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það er talið nauðsynlegt til að tryggja réttláta skiptingu ávöxtunar sjóðsins milli rétthafa hans.

Vegna þeirrar áhættu sem tengd er verðbréfaeign eru verðbréf færð niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótveikningur sem færður er til frádráttar verðbréfaeign í efnahagsreikningi.

Skýringar

3. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	Leið I	Leið II	Leið III	Leið IV	Sameign
Ellilífeyrir	4.731.058	30.838.636	94.120.820	105.258.977	118.375
Örorkulífeyrir	952.845	4.827.541	752.307	0	2.351.529
Makalífeyrir	0	2.806.408	4.957.331	3.745.444	267.379
Barnalífeyrir	13.933	948.181	1.043.064	248.483	0
	<u>5.697.836</u>	<u>39.420.766</u>	<u>100.873.522</u>	<u>109.252.904</u>	<u>2.737.283</u>

4. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

	2006
Af verðbréfum með breytilegum tekjum.....	2.780.850.855
Af verðbréfum með föstum tekjum.....	47.868.715
Af bankainnstæðum.....	181.986.419
Af gjaldmiðlasamningum	98.749.909
Aðrar vaxtatekjur	10.779.952
	<u>3.120.235.850</u>

5. Rekstrargjöld

Hjá lífeyrissjóðnum starfar enginn starfsmaður en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbanka Íslands hf. annast bankinn starfrækslu sjóðsins. Bankinn greiðir laun stjórnar og forstöðumanns sjóðsins og eru þau innifalin í þóknun sjóðsins til hans. Einungis fulltrúar sjóðsfélaga fá greidd stjórnarlaun og eru þau kr. 672.828 fyrir þrjá aðalmenn og 269.124 fyrir einn varamann eða samtals kr. 2.287.608 fyrir árið 2006.

Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:	2006	2005
Endurskoðun og ársuppgjör.....	2.170.967	1.723.936
Önnur sérfræðiþjónusta	114.064	287.884
	<u>2.285.031</u>	<u>2.011.820</u>

Skýringar

6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum	606.284.614
Eignarhlutar í erlendum hlutafélögum	23.387.747
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum	15.226.522.688
Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum	3.529.921.177
	<u>19.386.116.226</u>

Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

	Leið I	Leið II	Leið III	Sameign	Samtals
Skráð félög:					
Mosaic Fashions.....	30.600.000	15.300.000	0	7.650.000	53.550.000
Landsbanki hf.....	80.692.500	34.450.000	0	0	115.142.500
Atorka hf.....	23.660.000	16.224.000	5.408.000	10.816.000	56.108.000
Exista hf.....	20.250.000	15.750.000	13.500.000	6.750.000	56.250.000
Marel hf.....	36.817.242	28.065.422	7.892.192	10.731.644	83.506.500
Str.-Burðarás Fjárf.banki hf.....	34.800.000	17.400.000	8.700.000	8.700.000	69.600.000
Glitnir banki hf.....	28.210.755		0	12.858.430	41.069.185
Íslandsbanki hf.....		14.105.377	0	0	14.105.377
Hf. Eimskipafélag Íslands.....	63.890.255	47.415.420	5.625.555	0	116.931.230
Skráð félög alls	<u>318.920.752</u>	<u>188.710.219</u>	<u>41.125.747</u>	<u>57.506.074</u>	<u>606.262.792</u>
Óskráð félög:					
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða.....	6.765	10.256	4.801	0	21.822
Innlend félög alls	<u>318.927.517</u>	<u>188.720.475</u>	<u>41.130.548</u>	<u>57.506.074</u>	<u>606.284.614</u>

Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig:

Innlend hlutabréf:	Leið I	Leið II	Leið III	Sameign	Samtals
Decode Genetics Inc. skráð.....	2.579.201	0	0	0	2.579.201
French Connection.....	10.404.273	10.404.273	0	0	20.808.546
Erlend félög alls	<u>12.983.474</u>	<u>10.404.273</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>23.387.747</u>
Hlutabréfaeign alls	<u>331.910.991</u>	<u>199.124.748</u>	<u>41.130.548</u>	<u>57.506.074</u>	<u>629.672.361</u>

Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir:	Leið I	Leið II	Leið III	Sameign	Samtals
Skuldabréfasjóðir	4.292.007.679	3.437.669.483	3.171.412.557	1.483.435.554	12.384.525.273
Hlutabréfasjóðir	1.472.600.416	726.122.398	322.627.901	320.646.700	2.841.997.415
Innl. verðbréfasjóðir alls.....	<u>5.764.608.095</u>	<u>4.163.791.881</u>	<u>3.494.040.458</u>	<u>1.804.082.254</u>	<u>15.226.522.688</u>
Erlendir verðbréfasjóðir:					
Erlendir hlutabréfasjóðir	1.854.923.840	942.303.932	330.950.297	401.743.108	3.529.921.177
Verðbréfasjóðir alls.....	<u>7.619.531.935</u>	<u>5.106.095.813</u>	<u>3.824.990.755</u>	<u>2.205.825.362</u>	<u>18.756.443.865</u>

Skýringar

7. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Leið I	Leið II	Leið III	Sameign	Samtals
Skuldabréf með ríkisábyrgð	0	10.877.430	854.719	0	11.732.149
Skuldabréf sveitarfélaga	0	7.312.294	1.074.465	0	8.386.759
Skuldabréf lánast. - erl.hlbr.vísit.....	108.742.000	193.179.600	33.038.700	60.120.400	395.080.700
Skuldabréf lánastofnana.....	0	23.066.614	0	0	23.066.614
Önnur skuldabréf	93.143.581	105.793.254	80.938.009	57.506.525	337.381.369
	201.885.581	340.229.192	115.905.893	117.626.925	775.647.591
Niðurfærsla skuldabréfa	(149.925)	(252.015)	(132.040)	0	(533.980)
	201.735.656	339.977.177	115.773.853	117.626.925	775.113.611

8. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum	15.832.807.302	3.553.308.924	19.386.116.226
Verðbréf með föstum tekjum	775.113.611	0	775.113.611
Bankainnstæður.....	2.294.597.216	3.116.450	2.297.713.666
	18.902.518.129	3.556.425.374	22.458.943.504
Hlutfallsleg skipting	84,2%	15,8%	100%

9. Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð á markaðsverði. Væru þessi verðbréf færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi væri mat þeirra 1,2 milljónum króna hærra og hrein eign til greiðslu lífeyris þeim mun hærri.

10. Ábyrgðir og skuldbindingar

Lífeyrissjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðla- og skiptasamninga við lánastofnanir á árinu. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna erlendra eigna sjóðsins.

Lífeyrissjóðurinn hefur í árslok skuldbundið sig til að kaupa á árinu 2007 skuldabréf í Landsbanka Private Equity 1 fyrir 370 milljónir króna og í skuldabréfasjóðnum Mezzanine II fyrir 3 milljónir GBP.

Skýringar

11. Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nemur áfallin lífeyrisskuldbinding samtryggingadeildar sjóðsins 1.595,2 milljónum króna árslok 2006 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign deildarinnar í árslok 2006 er 2.453,3 milljónir króna eða 858,1 milljónir króna hærri. Lífeyrisskuldbinding samtryggingadeildar í árslok 2006 greinist þannig:

	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	2.369,4		2.369,4
Núvirði verðbréfa, hækun	157,6		157,6
Lækkun vegna fjárfestingargjalda	(73,7)		(73,7)
Núvirði framtíðariðgjalda		7.255,0	7.255,0
	<u>2.453,3</u>	<u>7.255,0</u>	<u>9.708,3</u>
	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	1.006,0	5.018,2	6.024,2
Örorkulífeyrir	459,0	1.538,8	1.997,8
Makalífeyrir	112,6	447,4	560,0
Barnalífeyrir		79,9	79,9
Rekstrarkostnaður	17,6	159,8	177,4
	<u>1.595,2</u>	<u>7.244,1</u>	<u>8.839,3</u>
Eignir umfram skuldbindingar	858,1	10,9	869,0
Í hlutfalli af skuldbindingum	53,8%	0,2%	9,8%

12. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:

	2006
Kröfur vegna iðgjaldaflutninga.....	6.586.810
Landsbanki Íslands hf.....	26.947.807
Aðrar eignir	189.001
	<u>33.723.618</u>

13. Skuldir

Aðrar skuldir greinast þannig:

	2006
Ógreiddur kostnaður	91.751.036
	<u>91.751.036</u>

Skýringar

14. Kennitölur

Fimm ára yfirlit um kennitölur sjóðsins samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða:

	2006	2005	2004	2003	2002
Hrein raunávöxtun	10,10%	8,65%	6,86%	13,24%	(1,52%)
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
sl. 5 ár	7,35%	4,12%	1,45%	2,03%	1,24%
sl. 10 ár	5,06%	4,67%	4,45%	4,39%	4,59%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbréf m. breytilegum tekjum	78,03%	89,86%	94,17%	98,65%	93,43%
Skráð verðbréf m. föstum tekjum	2,55%	0,21%	2,96%	1,24%	6,38%
Óskráð verðbréf m. breytilegum tekjum	8,18%	0,56%	0,83%	0,00%	0,00%
Óskráð verðbréf m. föstum tekjum	0,89%	3,23%	0,49%	0,11%	0,19%
Bankainnstæður	10,34%	6,14%	1,55%		
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	84,16%	15,84%	71,69%	77,73%	79,49%
Eignir í erl. gjaldmiðlum	15,84%	100,00%	28,31%	22,27%	20,51%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	12.788	9.277	6.499	5.016	4.816
Fjöldi lífeyrisþega	400	290	165	161	60
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaun	91,12%	88,88%	94,68%	87,80%	92,84%
Örorkulífeyrir	3,44%	4,04%	1,43%	8,37%	1,10%
Makalífeyrir	4,56%	3,89%	1,90%	3,19%	1,83%
Barnalífeyrir	0,87%	3,19%	1,99%	0,64%	4,23%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign					
umfram heildarskuldbindingar	9,8%	4,9%	3,1%	7,6%	6,2%
Hrein eign					
umfram áfallnar skuldbindingar	53,8%	37,5%	27,3%	38,0%	32,3%

Skýringar

14. Kennitölur (framhald)

Yfirlit um kennitölur, skipt niður á brautir sjóðsins:

	Leið I	Leið II	Leið III	Leið IV	Sameign
Hrein raunávöxtun	12,54%	11,60%	7,06%	4,24%	11,86%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár	8,40%	8,00%	6,50%		6,90%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbr. m. brl. tekjum	87,46%	83,23%	91,40%		86,26%
Skráð verðbr. m. föstum tekjum	1,69%	4,67%	2,08%		3,75%
Óskráð verðbr. m. brl. tekjum	9,83%	10,69%	5,6%		8,73%
Óskráð verðbr. m. föstum tekjum	0,78%	1,35%	0,83%		1,18%
Bankainnstaður	0,25%	0,06%	0,08%	100,00%	0,07%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	77,14%	83,11%	91,67%	100,00%	83,12%
Eignir í erl. gjaldmiðlum	22,86%	16,89%	8,33%		16,88%
Fjöldi sjóðfélaga	15.573	4.250	2.513	3.048	4.424
Fjöldi lífeyrisþega	26	83	194	169	25

Deildarskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2006

	Leið I	Leið II	Leið III	Leið IV	Sameign	Samtals 2006
Iðgjöld						
Iðgjöld sjóðfélaga	1.012.583.365	347.436.125	132.852.450	223.999.234	176.343.407	1.893.214.581
Iðgjöld launagreiðenda	1.031.643.466	373.638.064	141.413.431	167.490.655	285.948.869	2.000.134.486
Réttindaflutningur og endurgreiðslur milli brauta	(842.227.146)	(2.254.145.213)	2.089.100.552	300.483.935	0	(706.787.872)
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	302.267.041	176.824.223	57.355.352	1.005.968.839	(938.895)	1.541.476.560
	<u>1.504.266.726</u>	<u>(1.356.246.801)</u>	<u>2.420.721.785</u>	<u>1.697.942.663</u>	<u>461.353.381</u>	<u>4.728.037.755</u>
Lífeyrir						
Lífeyrir	5.697.836	39.420.766	100.873.522	109.252.904	2.737.283	257.982.311
Tryggingakostnaður	0	0	0	0	1.260.577	1.260.577
	<u>5.697.836</u>	<u>39.420.766</u>	<u>100.873.522</u>	<u>109.252.904</u>	<u>3.997.860</u>	<u>259.242.888</u>
Fjárfestingartekjur						
Tekjur af eignarhlutum	2.064.740	1.017.220	66.214		175.144	3.323.318
Vaxtatekjur og gengismunur	1.278.882.396	1.052.847.400	319.888.142	132.846.576	335.771.336	3.120.235.850
	<u>1.280.947.136</u>	<u>1.053.864.620</u>	<u>319.954.356</u>	<u>132.846.576</u>	<u>335.946.480</u>	<u>3.123.559.168</u>
Fjárfestingargjöld						
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5.203.019	9.044.571	3.771.900	77.636	3.000.820	21.097.945
Vaxtagjöld	8.484.897	3.088.995	870.454	0	859.821	13.304.167
	<u>13.687.916</u>	<u>12.133.566</u>	<u>4.642.354</u>	<u>77.636</u>	<u>3.860.641</u>	<u>34.402.112</u>
Rekstrarkostnaður						
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	11.144.782	18.979.791	7.734.347	0	7.220.602	45.079.523
	<u>11.144.782</u>	<u>18.979.791</u>	<u>7.734.347</u>	<u>0</u>	<u>7.220.602</u>	<u>45.079.523</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu	2.754.683.328	(372.916.304)	2.627.425.918	1.721.458.699	782.220.758	7.512.872.400
Hrein eign frá fyrra ári	5.556.327.151	5.916.258.388	1.299.641.187	558.304.190	1.587.143.066	14.917.673.982
Hrein eign í árslok til gr. lífeyris	<u>8.311.010.479</u>	<u>5.543.342.084</u>	<u>3.927.067.105</u>	<u>2.279.762.889</u>	<u>2.369.363.824</u>	<u>22.430.546.382</u>

Deildarskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2006

	Leið I	Leið II	Leið III	Leið IV	Sameign	Samtals 2006
Eignir						
Fjárfestingar						
Verðbréf með breytilegum tekjum	7.951.442.926	5.305.220.561	3.866.121.303	0	2.263.331.436	19.386.116.226
Verðbréf með föstum tekjum	201.735.656	339.977.177	115.773.853	0	117.626.925	775.113.611
Bankainnstæður	0	0	0	2.297.713.666	0	2.297.713.666
	<u>8.153.178.582</u>	<u>5.645.197.738</u>	<u>3.981.895.157</u>	<u>2.297.713.666</u>	<u>2.380.958.361</u>	<u>22.458.943.504</u>
Kröfur						
Viðskiptareikningur milli brauta	143.516.852	(71.518.211)	(37.851.263)	(4.812.348)	(29.335.031)	(0)
Kröfur á launagreiðendur	7.527.475	3.344.546	3.500.823	447.776	27.601.069	42.421.690
Fyrirframinnheimtar tekjur	0	0	0	0	0	0
Aðrar kröfur	25.740.213	2.219.252	804.047	1.696.841	3.263.265	33.723.618
	<u>176.784.539</u>	<u>(65.954.412)</u>	<u>(33.546.392)</u>	<u>(2.667.731)</u>	<u>1.529.304</u>	<u>76.145.308</u>
Aðrar eignir						
Sjóður og veltiinnlán	20.447.602	3.245.372	3.068.064	0	1.583.730	28.344.770
	<u>20.447.602</u>	<u>3.245.372</u>	<u>3.068.064</u>	<u>0</u>	<u>1.583.730</u>	<u>28.344.770</u>
Eignir	<u>8.350.410.722</u>	<u>5.582.488.699</u>	<u>3.951.416.829</u>	<u>2.295.045.935</u>	<u>2.384.071.396</u>	<u>22.563.433.582</u>
Skuldir						
Viðskiptaskuldir						
Framvirkir samningar	17.358.602	8.110.128	6.175.219	0	6.801.132	38.445.080
Aðrar skuldir	19.350.556	31.036.488	18.174.506	15.283.046	7.906.440	91.751.036
	<u>36.709.159</u>	<u>39.146.615</u>	<u>24.349.724</u>	<u>15.283.046</u>	<u>14.707.572</u>	<u>130.196.116</u>
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur						
Fyrirfram innheimtar tekjur	2.691.084	0	0	0	0	2.691.084
	<u>2.691.084</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>2.691.084</u>
Skuldir	<u>39.400.243</u>	<u>39.146.615</u>	<u>24.349.724</u>	<u>15.283.046</u>	<u>14.707.572</u>	<u>132.887.200</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls	<u>8.311.010.479</u>	<u>5.543.342.084</u>	<u>3.927.067.105</u>	<u>2.279.762.889</u>	<u>2.369.363.824</u>	<u>22.430.546.382</u>

Deildarskipt yfirlit um sjóðstreymi ársins 2006

	Líf I	Líf II	Líf III	Líf IV	Sameign	Samtals 2006
Inngreiðslur						
Iðgjöld	1.523.248.447	(1.350.713.000)	2.416.631.799	1.699.336.385	466.227.823	4.754.731.454
Fjárfestingartekjur	96.162.041	69.515.527	17.389.288	145.596.540	27.683.341	356.346.737
Afborganir verðbréfa	10.648.244	12.871.782	4.011.897	0	659.987	28.191.910
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	7.030.533.097	8.418.286.009	1.885.939.548	0	2.019.530.957	19.354.289.611
Seld verðbréf með föstum tekjum	201.105.000	151.250.000	0	0	0	352.355.000
	<u>8.861.696.829</u>	<u>7.301.210.318</u>	<u>4.323.972.532</u>	<u>1.844.932.925</u>	<u>2.514.102.108</u>	<u>24.845.914.712</u>
Útgreiðslur						
Lífeyrir	5.234.066	40.018.553	94.359.186	109.252.904	4.729.643	253.594.352
Fjárfestingargjöld	2.473.947	1.823.810	1.450.183	0	1.875.275	7.623.215
Rekstrarkostnaður án afskrifta	13.323.949	7.278.057	3.032.051	77.636	3.166.412	26.878.105
Viðskiptareikningar milli brauta	205.552.024	(126.378.410)	(35.584.342)	(11.374.651)	(32.214.621)	0
	<u>226.583.986</u>	<u>(77.257.990)</u>	<u>63.257.078</u>	<u>97.955.889</u>	<u>(22.443.291)</u>	<u>288.095.672</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	<u>8.635.112.843</u>	<u>7.378.468.308</u>	<u>4.260.715.454</u>	<u>1.746.977.036</u>	<u>2.536.545.399</u>	<u>24.557.819.041</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting						
Kaup á verðbréfum með breytíl. tekjum	8.652.057.875	7.169.998.902	4.216.950.465	0	2.535.155.953	22.574.163.195
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	205.190.250	301.571.250	59.265.139	0	74.126.250	640.152.889
Hækkun á bankainnstæðum	(195.400.000)	(93.075.000)	0	1.746.977.036	(68.225.000)	1.390.277.036
	<u>8.661.848.125</u>	<u>7.378.495.152</u>	<u>4.276.215.605</u>	<u>1.746.977.036</u>	<u>2.541.057.203</u>	<u>24.604.593.120</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum	<u>(26.735.282)</u>	<u>(26.844)</u>	<u>(15.500.151)</u>	<u>0</u>	<u>(4.511.804)</u>	<u>(46.774.079)</u>
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	<u>47.182.884</u>	<u>3.272.216</u>	<u>18.568.215</u>	<u>0</u>	<u>6.095.534</u>	<u>75.118.849</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok	<u>20.447.602</u>	<u>3.245.372</u>	<u>3.068.064</u>	<u>0</u>	<u>1.583.730</u>	<u>28.344.770</u>